

# STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 1994

11. október 1994

1689

Nr. 537

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbrefadeild og húsbrefaviðskipti.

1. gr.

2. másl. 2. mgr. 2 gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjald allt að 1% til að standa straum af rekstrarkostnaði húsbrefadeildar auk vaxtaálags, allt að 0, 35% sem renni í varasjóð til að mæta áætluðum útlánatöpum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, með vísun til 21. gr., öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 540, 28. desember 1993.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.*

**Guðmundur Árni Stefánsson.**

*Ingí Valur Jóhannsson.*

11. október 1994

Nr. 538

## REGLUGERÐ

### um útgáfu á 4. flokki húsbrefa 1994 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbrefadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbrefadeild, gefi út 4. flokk húsbrefa 1994. Samanlögð fjárhæð húsbrefa í 4. flokki 1994, skal vera að hámarki 3 700 milljónir. Húsbrefin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbref vera að fjárhæð kr. 5.000.000,00, í undirflokki B kr. 1.000.000,00, í undirflokki C kr. 100.000,00 og í undirflokki D kr. 10.000,00. Vextir í 4. flokki 1994 eru 4,75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla húsbrefadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbrefum.

B 119